

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. október 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 31. október 1973:

Vélskelflett rækja:	Cif
1. 10×4×1 lb. blokkfryst, pr. lb.	£ 0.713
2. 24×1 lb. blokkfryst, pr. lb.	£ 0.730
3. 2×5 kg sérfryst, pr. lb.	£ 0.730
4. 4×2 kg og 5×2 kg sérfryst, pr. lb.	£ 0.730
5. 24×450 gr sérfryst, pr. lb.	£ 0.730
6. 1×25 lbs. sérfryst, pr. lb.	£ 0.730
7. 15×200 gr sérfryst, pr. lb.	£ 0.740
8. Í saltlegi, pr. lb.	£ 0.710

Handskelflett rækja:

Í saltlegi, pr. lb. £ 0.760

Verðbil verði 5%. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Viðmiðunarverð er reiknað á viðskiptagengi krónu gagnvart sterlingspundi 4. júní 1973 (£ = 234/60).

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. júní 1973.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

7. júní 1973.

Nr. 189.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur frá Bjarnastaðahlíð í Skagafirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. júní 1973.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur frá Bjarnastaðahlíð.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 19. ágúst 1972 með gjafabréfi Guðrúnar Þ. Sveinsdóttur frá Bjarnastaðahlíð, Skagafirði.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er Spariskírteini ríkissjóðs samtals að nafnverði kr. 1 800 000.00 að viðbættu visitöluálagi 44.26% samtals kr. 2 042 000.00.